



Þóra Fjeldsted, staðarhaldari Kerlingarfjalla mælir með slátri með sykri.

HÁLENDIÐ: Á Íslandi leynast ýmsar náttúruperlur

Hver vill ekki slátur með sykri í Kerlingarfjöllum?

ARNA SCHRAM
arna@vb.is

Kerlingarfjöll eru í hugum margra Íslendinga bara skíðastaður en þau eru svo miklu meira en það, að sögn Þóru Fjeldsted sagnfræðings og staðarhaldara í Kerlingarfjöllum. Náttúran er einstök og fjölbreytt og segir Þóra að í Kerlingarfjöllum mætist í raun „eldur og ís“. Vísar hún þar til jarðhitans og jöklanna, sem þar má sjá og finna. Skíðaskóli var um áratuga skeið rekinn í Kerlingarfjöllum en vegna snjóleysis var rekstri hans hætt og lyfturnar, úr brekkunum neðan við Fannborgarjökul, fjarlægðar. Síðar, eða í kringum árið 2000, var félagið Fannborg ehf. sett á laggirnar, sem ákvað að leggja áherslu á þjónustu við almenna ferðamenn á svæðinu, svo sem göngufólk og hestamenn. Í Kerlingarfjöllum er því tjaldstæði, heitir pottar, sturtur, en einnig uppábuin rúm að ógleymdum veitingastaðnum, sem býður upp

á þjóðlega rétti. Slátur með sykri er meðal rétta sem gestir geta pantað sér.

„Við eldum upp úr bókinni Matur og drykkur eftir Helgu Sigurðardóttur, en upprunaleg útgáfa er frá árinu 1947,“ útskýrir Þóra og bætir því við að henni hafi fundist nauðsynlegt að halda í gamlar hefðir í matargerðinni í stað þess að bjóða upp á hamborgara sem fást alls staðar. „Við tókum því hamborgarann af matseðlinum í fyrri og settum inn slátrið með sykri í staðinn.“ Með slátrinu fylgir jafningur og rófustappa. Hún segir merkilegt hvað gestir séu, að því er virðist, hrifnir af slátrinu. Það eigi jafnt við um útlendinga sem Íslendinga. „Ég ætla svo sem ekki að fullyrða hvernig fólk finnst þessi matur, en það klárar að minnsta kosti af diskinum sínum.“ Það eitt og sér segi sína sögu. Á matseðlinum eru þó líka hefðbundnari réttir eins og grillaðar samlokur og grænmetisréttir. Í eftirrétt er svo boðið upp á köku og lummur.

Aðsókn að aukast

Þóra kveðst aðspurð ekki vera frá því að aðsókn að Kerlingarfjöllum sé að aukast aftur á milli ára. Hún segir mest að gera í júlí og fram í ágúst. Júní mánuður sé mun rólegri. Enn sem komið er að minnsta kosti. Meirihluti ferðalanganna á svæðinu eru útlendingar, segir Þóra, mikið til Frakkar og Þjóðverjar, en einnig Hollendingar. „Það er ríkt í Íslendingum að halda að þetta sé enn þá skíðasvæði og í sumum útlenskum ferðabókum er þetta merkt sem slíkt.“ Skíðalyfturnar eru þó ekki lengur til staðar, eins og áður sagði, en Þóra segir algengt að fólk labbi á jökulinn með skíðin sín og renni sér niður. Hún segir að Íslendingar séu þó farnir að taka við sér og átta sig á því að í Kerlingarfjöllum sé hægt að gera ýmislegt annað en iðka skíðaþróttina. Þar séu til að mynda merktar gönguleiðir. „Til dæmis er hægt að ganga upp á Snækoll, en í góðu veðri

er þaðan útsýni yfir um þrjátíu prósent af Íslandi.“ segir hún.

Kerlingarfjöll eru skammt suðvestur af Hofsjökli, á vatnaskilum Hvítár og Þjórsár. Mikil jarðhitasvæði er á söðlinum milli ánnna en jöklar eru einnig á svæðinu, eins og áður sagði. Kerlingarfjöll draga nafn sitt af um 25 metra háum drang úr móbergi sem stendur upp af ljósri líparítskriðu sunnan í Kerlingartindi í vestanverðum fjöllum. Samkvæmt gamalli þjóðtrú er talið að þar sé komin tröllkerling sem dagaði uppi og varð að steini. Á vefnum kerlingarfjoll.is má finna frekari upplýsingar um svæðið og þá þjónustu sem þar er í boði. Þar kemur til dæmis fram að venjulegur opnunartíma á svæðinu sé frá 15. júní til septemberloka. Það tekur um þrjá til fjóra tíma að aka til Kerlingarfjalla frá Reykjavík og Akureyri og við góðar aðstæður er hægt að komast þangað á öllum bílum.

BETRI FERÐ



Göngugarpar allra fjórðunga sameinist

Mikil gönguhátíð verður haldin á sunnanverðum Vestfjörðum 26. til 29. júlí. Meðal annars verður gengið frá Barðaströnd yfir í Reykjavörð, gengið um Gíslaslóðir í Geirþjófsfirði, Selárdalsheiðina, um Látrabjarg og farin verður námuganga yfir í surtarbrandsnámurnar í Stálfjalli. Aðrar uppkomur fylgja gönguhátíðinni, leikþættir, ungmennahátíðir verða endurvaktar og tekist verður á í glímu, reipitogi og fleiri þjóðlegum aflraunum. Þetta er í annað seinn sem gönguhátíðin er haldin, en hún mældist vel fyrir á síðasta ári. www.svartfuglinn.is

Síðustu Winchester 70 riffilarnir

Gæsaveiðin hefst þann 20. ágúst og bíða margir með öndina í hálsinum eftir þeim degi. Í haust hefjast svo hreindýraveiðarnar og margar skyttur því farnar að undirbúa komandi skytteri. Gaman er þess að geta, og gagnlegt fyrir þá sem vantar nýjan riffil, að Ellingsen á von á nokkrum Winchester 70 riffilum í lok júlí. Um er að ræða afgang af Winchester riffilum frá Herstal/Lieg í Belgíu, en eins og margir vita eru þeir hættir framleiðslu. Winchester riffilarnir verða því ekki fáanlegir í framtíðinni og því ættu þeir sem gjarnast slíkan grip að hafa samband við Ellingsen.



Upptrekkjanleg ljósdíóða

Maður getur ekki verið annað en þakklátur fyrir þá tækniúrúða sem sífellt finna nýjar leiðir til að létta manni lífið. Nú er hægt að kaupa ljósdíóðulampa fyrir útileguna sem er upptrekkjanlegur. Ef lampinn er trekkur upp í eina mínútu, fæst ljós í hálf tíma. Sé lampinn trekkur upp til fulls lýsir hann í um fjóra tíma. Ljosið dofna svo smátt og smátt, allt svo kósý og í takt við sósetrið. Einnig er hægt að sleppa upptrekkjunni og hreinlega hláða lampann í sigarettukveikjaranum í bílnum en með því getur lampinn lýst í allt að átta tíma. Auk þess fylgir lampnum handfang sem gerir útilegumönnum kleift að hengja lampann upp á hvolfi. Sannkallað ljós í lífinu þessi ljósdíóðulampi. www.iwantoneofthose.com



VEIÐI HÖLLIN

ALLT Í VEIÐINA

Veidihöllin - Suðurlandsbraut 4 - 108 Reykjavík - Símar 533 1115 - 893 7654 - www.veidihollin.is